

Forgangsröðun verkefna

1. 1404353 - Börn innflytjenda, íþróttir og tómstundir

Vegna vísbendinga um að kynning á frístundum og frístundastyrkjum Hafnarfjarðar sé ábótavant er íþrótt- og tómstundafulltrúa falið að móta tillögur að auknu kynningarstarfi um frístundastarf í Hafnarfirði fyrir börn og unglinga af erlendu bergi brotnu fyrir næst fund nefndarinnar.

Tillögur að forgangsröðun lagt fyrir íth fund 8. janúar

1. Fylgja þarf eftir og tryggja að ný heimasíða bæjarins verði með skýrar upplýsingar varðandi framboð á tómstundum. Upplýsingar verði einnig á pólsku og ensku. Gott væri ef hægt væri að setja upp sérstaka síðu þar sem hægt er að finna upplýsingar um allt það frístundastarf sem boðið er upp á í Hafnarfirði. Þar væri líka hægt að hafa upplýsingar um frístundastyrkinn. Þessi síða þyrfti auðvitað að vera á fleiri tungumálum en íslensku.
2. Á sumrin er rekin lítill leitarvefur sem kynnir framboð á tómstundastarfi. Vænlegt væri að hafa hann heilsárs og á fleiri tungumálum en íslensku. Slíkt verkefni kostar einhverja vinnu og viðbætur við tölvukerfið auk kostnaðar við þýðingar.
3. Það vantar grunkynningarbækling um íþrótt og tómstundir í Hafnarfirði sem nýtist öllum og þyrfti hann að vera á nokkrum tungumálum. Kostnaður er takmarkaður.
4. Sumarverkefni 2016. Kynningarmyndband um íþrótt- og tómstundastarf í Hafnarfirði. Unnið af áhugasömum ungmennum (með erlendan bakgrunn). Höfum fengið viljrði gagnvart styrk í þetta. Ungmennin yrðu á launum hjá Vinnuskóla og fengju tæki og aðstöðu i Músík og mótör.
5. Setja upp sérstaka auglýsingatöflu í hverjum skóla sem væri eingöngu hugsuð fyrir auglýsingar um frístundastarf (plaköt á ýmsum tungumálum). Umsjón með þessu verkefni yrði í höndum félagsmiðstöðva.
6. Verið er að uppfæra Noraskráningarkerfi bæjarins. Upp úr áramótum mun notkun á frístundastyrknum verða rafrænni og tengjast Nora skráningarkerfinu. Á heimasíðu bæjarins verður mun aðgengilegra en áður allt framboð á tómstundum og íþróttum sem tengjast niðurgreiðslu bæjarins á frístundakostnaði. Þar mun foreldrum og börnum veitast auðveldar en áður að skoða og finna viðeigandi frístundastarf. Óljóst er með þýðingar á þessu.